


# BREYTING Á DEILISKIPULAGI STUÐLASKARDΣ 2 OG 4 Í SKARÐSHLÍÐ 3. ÁFANGA




Samkvæmt deiliskipulagi Skarðshlíðar 3. áfanga, sem tók gildi þann 03.04.2018, eru lóðir númer 2 og 4 við Stuðlaskarð annars vegar 1260m<sup>2</sup> og hins vegar 1006m<sup>2</sup>.

Gert er ráð fyrir 4 - 6 ibúða byggingum, tveimur hæðum auk bílakjallara á hvori lóð.

## Skilmálar:

Í gildandi skilmálum frá 13.03.2019 útgáfu 07er gert ráð fyrir endurskoðun skipulags fyrir félagasamtök með tilliti til þarfa félagasamtakanna.

Byggingarlinna næst götu er bundin að lágmarki 10 metra. Pakgerð er einhalla og visar hæsti punktur þess til suðurs.



Lóðirnar númer 2 og 4 við Stuðlaskarð, annars vegar 1260m<sup>2</sup> og hins vegar 1006m<sup>2</sup> eru sameinaðar í lóðina Stuðlaskarð 2, samtals 2.262m<sup>2</sup>.

Einn byggingareitur verður á lóðinni og gert ráð fyrir íbúakjarna á einni hæð.

Aðokoma að lóðunum helst óbreytt.

## Breyting skilmála:

Djúpgámar sem staðsettir eru milli lóðanna við Stuðlaskarð 2 og 4 verða færðir og staðsettir sex metra frá norðurenda lóðamarka Stuðlaskarð 2.

Í stað tveggja hæða húss með bílakjallara verði nú heimilt að reisa íbúðarkjarna á einni hæð sem nemur 700 m<sup>2</sup>.

Hámarkshæð húss 5 metrar. Gert er ráð fyrir 6 ibúðum auk þjónustueiningar.


Heimilt verður að reisa smáhýsi innan byggingarreits fyrir hjól og garðahöld. Heimilt verður að reisa lágreistann skjólvegg fyrir framan íbúð til að afmarka sérafnotaflöt.

Bílastæði eru leyst innan lóðar. Gera skal ráð fyrir 4 stæðum að stærð 3,8m x 5m; 3 stæðum að stærð 2,5m x 5m og 1 stæði fyrir þjónustu að stærð 4,5m x 8m.

Byggingarreitir húsa eru sýndir á mæliblöðum og skulu byggingar vera innan þeirra. Að öðru leyti er staðsetning bygginga innan hvers byggingarreits frjáls innan þess ramma sem reiturninn gefur. Breytingar geta þó orðið á byggingarreitum við nánari útfærslu mæliblaða.


Komi til færslu á götu eða lögnum ber lóðarhafi kostnað af því.

Að öðru leyti gildir greinagerð deiliskipulags Skarðshlíðar 3. áfanga dags: 13. 03. 2019 útgáfa 07



	Skipulagssvæði
	Afmörkin deiliskipulagbreytinga
	Lóðarmörk
	Byggingareitur/byggingarlína
	Brotalínan sýnir hvernig húsin tengjast hvort öðru
	Götur
	Göngustígur/Tróppur
	Bílastæði
	Götur og stígar
	Gróður
	Flatarmál lóðar
	Kvaðir
	Djúpgámar / lóðamörk

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð í samræmi við 2.gr. um heimild til embættisafgreiðslu skipulags- og byggingarfulltrúans í Hafnarfirði.

Samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfirðar þann 13.03.2019. 

Auglýsing um gildistóku breytingarinnar var birt í b-deild Stjórnartíðinda þann 2019.

Skipulagsstofnun hefur fengið þessi gögn til yfirferðar skv. lögum nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreyting þessi öðlast gildi þann:

FRAMKVÆMDA- OG SKIPULAGSPJÓNUSTA  
HAFNARFJARDAR  
HANNADTEKNAÐ GGRIH

SKARÐSHLÍÐ 3. ÁFANGI - DEILISKIPULAGSBREYTING

STUÐLASKARD 2 - 4

MKV: 1:1000

ÚTGÁFA DAGS: MAI - 2019

BLAÐSTÆRD: A2

MÁLSNR.: 190 - 4129